

# *Verkefnahópar skólaárið 2012-2013*

## **Uppeldi til ábyrgðar** (Sólrún, Jóna, Bogga)

Viðfangsefni: Halda utan um innleiðingu verkefnisins og stjórna reglulegum umræðufundum starfsfólks. Skólareglur endurskoðaðar.

## **Eineltishópur** (Gurra, Björgvin, Jóna)

Viðfangsefni: að viðhalda Olweusaráætluninni í skólanum, grípa inn í framvinduna og setja rétta stefnu sé ástæða til.

Einnig að nemendakönnunin sé lögð fyrir á hverju ári og að eineltisáætlunin sé kynnt foreldrum

## **Heimasíða/Mentor/Skólanámskrá** (Björgvin)

Viðfangsefni: Vinna að námskrá skólans og að hún sé aðgengileg á Mentor og heimasíðunni. Halda utan um heimasíðu skólans.

## **Sjálfsmatshópur** (Solla, Sólrún)

Viðfangsefni: Annast sjálfsmat skóla, þ.e. innra starfið í skólanum er metið eftir sérstakri sjálfsmatsáætlun. Áætlunin nær yfir þær kannanir sem eru lagðar fyrir á skólaárinu. Sjálfsmatsskýrsla verði birt á heimasíðu skólans að vori.

## **Heilsueflandi skóli** (Gurra, Solla, Jóna)

Í **heilsueflandi skólum** fer fram skólastarf í anda heilsueflingar þar sem markvisst er unnið að því að efla og stuðla að velferð og góðri heilsu nemenda og starfsfólks. Hvað felst í [þátttökunni](#)?

## **Endurskoðun áætlana** (Solla, Sólrún)

Uppfærsla á áfallaáætlun, handbók skólans, jafnréttisáætlun o.fl.